

ICELANDIC A1 – HIGHER LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1

Tuesday 21 May 2002 (afternoon)

Mardi 21 mai 2002 (après-midi)

Martes 21 de mayo de 2002 (tarde)

2 hours / 2 heures / 2 horas

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- Ne pas ouvrir cette épreuve avant d'y être autorisé.
- Rédiger un commentaire sur un seul des passages.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento.

Fjallið skriflega um annan af eftirfarandi textum:

1. (a)

Út í geiminn

- hvalskutull skrautritað ljóð
eftir drykkfellt ungskáld
hvarf til afríku
þrjár gerðir smokka
- 5 í litskreyttum pakkningum
endurprentun háðsgulra blóma
þéttskrifuð nótnablöð sem
get ekki lesið og hvergi neinn vegvísir
- skýin stjörnurnar jafnfjarri sem fyrr
10 rafhlöðunum ætlað að endast á aðra öld
þegar lagt er af stað rifjast upp allt sem er gleymt
sem gleymdir að muna
allt sem mundir að gleyma
sumum gefið að týna jafnskjótt því sem fundu
- 15 öðrum að finnast hafa fundið allt
og biðja þess að finnist ekki týnt
- einn réri út á báti
yfir jökli afstæður tími átt
grænklæddar álfkonur eigna sér sumarið
- 20 jahve veður í skýjum
líkt og hálfur máni stýri drukknu skipi
orka hraði efni goðsögn
mannskepnan aparnir marsbúarnir
öll betrunarvist orð lífsins leiða til hins verra
- 25 smávinir fagrir
7-9-13
foldarskart froskakvak
sól tér sortna undir jökli
þýtur í trjám hláturmilt vor
- 25 geimurinn allur ein frystikista
forðabúr afstæðrar framtíðar
hvalskutull þrjár gerðir smokka
háðsgul sólin léttvægt
raul skrautritað ljóð eftir
- 30 drykkfellt einrænt ungskáld
hvarf til afríku óminnis

Geirlaugur Magnússon, *Þritengt*, 1996.

1. (b)

Skólasetning

Ég er of snemma á ferðinni, því úrið mitt hefur seinkað sér. Ég reyni að stilla það eftir Dómkirkjuklukkunni, en það er vonlaust verk fyrir hansaklædda konu. Mér hrýs hugur við að afplána biðina á Austurvelli, gangandi í hringi kringum stytta Jóns, en ég finn ekki upp á neinu öðru til að drepa tímann. Í sjöunda hring eða svo berst mér til

5 eyrna óvenju hávæð sorgarmars úr kirkjunni.
Svo er borin út líkkista. Hlýtur að vera ung kona, því maður um þrítugt og sjö eða átta ára stelpa ganga fyrst. Þau draga fæturna eftir malbikinu. Útfararfólkið tínist úr kirkjunni og blandast kennurum og nemendum, sem eru farnir að biða eftir sömu athöfn og ég. Skólasetningu. Ér er í rauðu kápunni og svörtu sokkunum og ég er

10 hálfshjert ef menn skyldu halda að ég hafi verið í jarðarför svo mellulega búin.
Gisin ský eru á hendingskasti svo það kviknar og slokknar á sólinni einsog biluðum vita. Trén í þinghúsgarðinum eru orðin hálf drusluleg, þótt september sé rétt að byrja. Dregur frá, rétt einu sinni, svo bjarma slær á syrgjendur og menntaskólafólk um leið og nýtt él bylur á andlitinu. Steindór, samkennari minn í frönsku og latínu,

15 stendur á lengdar og horfir á mig hundslegur til augnanna en lostafullur á vör. Ég reyni að víkja mér undan tilliti hans, tek rauðan skýluklút úr veski, legg yfir uppsett hárið og bind undir kverk. Í beinu framhaldi af því er svört regnhlíf þotin upp mér til verndar. Sá sem hefur spennt áhaldið yfir mig er ekki í auglýsni, en ég ávarpa hann samt, hver sem hann er.

20 Ertu í skátunum, spyr ég og veit ekki hvert ég á að snúa mér.

Nei, ég ætla að kenna sögu hjá ykkur í vetur.

Og vonandi lengur, segir rektor, sem stendur við hliðina á mér. Má ég kynna.

Regnhlífamaðurinn er fyrir aftan mig svo ég verð að snúa mér hálfhring til að geta tekið í höndina á honum. Ég þarf líka að reigja mig til að sjá framan í hann, því

25 hann er ekki undir einni níutíuogfimm á hæð.

Giftung eða greftrun segir hann og brosir beintentur. Það hittir alveg í mark því ég er alltaf veik fyrir listrænni hönnun úr varanlegu efni.

Giftung og greftrun, segi ég og við göngum samsíða upp Dómkirkjutröppur, á leið í skólasetningu. Steindór er hnípinn í humáttinni. Sjaldgæft að geta stjórnað regnhlíf í þessum rokrassi þar sem maður veit aldrei hvaðan á mann stendur veðrið

30 segi ég. Um leið lendir sú svartá í ófyrirsjáanlegri vindhviðu. Hún fýkur upp og sögukennarinn roðnar þegar hann reynir að koma einhverri mynd á hana án þess að slasa fólkið í þvögunni.
Þetta getur komið fyrir alla segi ég móðurleg, en drengnum er brugðið og hann

35 sýnir tennurnar ekki aftur. Ég sé útundan mér í kirkjunni að hann syngur með Rís þú unga Íslands merki. Ætli hann sé þá ekki hálfgerður skáti í sér eða ungmennafélagi. Að utan er hann alveg einsog risabangsi í búðarglugga.

(Svekkjandi augu úr ísbláu gleri / montinn með sig í glugganum. / Dýrasti bangsi í bænum / með uppstoppað öryggi. / Hugsar: Hún á ekki fyrir mér þessi. / Þér brygði

40 nú ef manni tæmdist arfur / eða vinirnir efndu til samskóta.)

Steinunn Sigurðardóttir, *Tímaþjófurinn*, 1986.